



117. fundur Stúdentaráðs

Mánudagur 16. desember 2024 kl. 14:00 á Teams

Fundaritari: Hanna Karin

Mættir: Silja Rún (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Una Matthildur, Bryndís, Jón, Rakel, Margrét Lillý, Kristbjörg, Lilja, Kristjana, Brynjar.

Fundur settur: 14:00

Dagskrá 117. fundar Stúdentaráðs

1. Fréttahringur

- Silja bað formenn aðildafélaga um stöðuna varðandi vísindaferðir fyrir Stóru Vísó. Flestir búnir að senda á einhver fyrirtæki en þau sem ekki voru byrjuð fara í það núna strax eftir prófatíðina.

2. Stóra-Vísó

- Svipuð staða hjá okkur í SHA varðandi vísindaferðir.
- Framsókn ekki búin að svara enn. Sama gildir um CCEP. Við í framkvæmdastjórn látum ykkur vita um leið og við höfum fengið staðfestingu frá þeim.

- Jón kom með ábendingu um að hann þekkir nokkra í Viðreisn. Ef Framsókn mun ekki svara þá ætlar Silja að vera í bandi við Jón um mögulega vísindaferð í Viðreisn.
- Lilja ætlar að heyra í framkvæmdastjórn LÍS hvort þau hafi tök á að taka á móti hópi í vísindaferð.

3. Jafnréttisdagar 11. - 13. febrúar

- Engin svör enn frá Bergið Headspace, en Silju finnst líklegt að þau munu hafa tök á að koma.
- Flest erindi eru í beinni og því hægt að horfa á erindi á vegum annarra háskóla ef áhugi er.
- Hvetjum ykkur til að mæta á erindið sem SHA er með í hádeginu á miðvikudeginum.

4. Árshátíð SHA 22. febrúar

- Sama fyrirkomulag og í fyrra varðandi barinn og þjóna. Barinn er á vegum okkar í SHA og munu barþjónar vera gamlir stúdentar úr HA.
- Við ætlum að tilkynna á næsta stúdentaráðsfundi hvaða listamenn verða á árshátíðinni.
- Hvetjum aðildafélög til þess að fara huga að skemmtiatriði fyrir árshátíðina þar sem vikurnar fyrir geta verið strembnar vegna álags.

5. Önnur mál

- Silja kom með uppástungu með að færa næsta stúdentaráðsfund.
 - o Fundurinn á að vera 9. janúar klukkan 17:00 en tillagan var sú að færa hann til 13. Janúar klukkan 17:00.
 - o Samþykkt af stúdentaráði
- Lilja: Vildi benda á að pósturinn sem kom frá Rektor um daginn endurspeglar ekki stöðu málanna varðandi sameiningarmál. Vildi koma með þessa ábendingu ef við og fleiri værum að fá spurningar um þetta mál.

Fundi slitið: 14:31